



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

# Viðhorf dagforeldra 2017-2018



Skrifstofa sviðstjóra – tölfræði og rannsóknir  
Júní 2018

## Efnisyfirlit

---

<b>EFNISYFIRLIT .....</b>	<b>2</b>
<b>INNGANGUR.....</b>	<b>3</b>
<b>NÍÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>4</b>
Skipulag daggæslu .....	4
Eftirlit og ráðgjöf.....	6
Samvinna .....	7
Námskeið .....	9
Ánægja með upplýsingagjöf frá Reykjavíkurborg.....	10

## Inngangur

Í maí - júlí 2018 var framkvæmd könnun meðal dagforeldra í Reykjavík af hálfu skóla- og frístundasviðs. Þetta er í sjöunda sinn sem slík könnun er framkvæmd en fyrsta könnunin var gerð árið 2006.

Markmið könnunarinnar er m.a. að kanna skipulag daggæslu, upplýsingagjöf til foreldra, ráðgjöf til dagforeldra og eftirlit með starfsemi. Sendar voru út 111 beiðnir um þátttöku á netföng dagforeldra og síðar var hringt í hluta þeirra til að auka þátttöku í könnuninni. Á endanum var svarhlutfall í könnuninni um 70% eins og sjá má í töflu 1.

**Tafla 1. Svarhlutfall**

Sent	Svör	Svarhlutfall
133	92	69%

Rúmlega helmingur svarenda hefur starfað sem dagforeldri í 2 til 10 ár eins og sjá má í töflu 2 en 45% hefur starfað í 14 ár eða lengur. Flestir dagforeldranna sem svöruðu störfuðu í Breiðholti eða um 25%.

**Tafla 2. Hve lengi hefur þú starfað sem dagforeldri<sup>1</sup>?**

	Fjöldi	Hlutfall
1 ár eða skemur	5	6%
2-4 ár	12	13%
5-7 ár	16	18%
8-10 ár	8	9%
11-13 ár	10	11%
14 ár eða lengur	39	43%
Samtals	90	100%

Af borgarhlutum Reykjavíkur starfa flestir svarenda könnunarinnar í Breiðholti eins og tafla 3 sýnir. Fæstir starfa í Vesturbæ, Miðborg og Grafarholti – Úlfarsárdal.

**Tafla 3. í hvaða borgarhluta ertu með daggæsluna?**


	Fjöldi	Hlutfall
Vesturbær	3	3%
Miðborg	4	4%
Hlíðar – Holt - Norðurmýri	6	7%
Laugardalur	14	15%
Háaleiti-Bústaðir	8	9%
Breiðholt	23	25%
Árbær	15	15%
Grafarvogur	16	18%
Grafarholt - Úlfarárdalur	3	3%
Samtals	92	100%

<sup>1</sup> Tveir svarenda svöruðu ekki spurningu um hversu lengi þeir hefðu starfað sem dagforeldri.

## Niðurstöður


### Skipulag daggæslu

Hjá langflestum dagforeldrum koma börn og foreldrar fyrst í stutta heimsókn áður en eiginleg aðlögun hefst eins og sjá má á mynd 1. Einnig gera langflestir dagforeldrar skriflegan dvalarsamning við foreldra og kynna fyrir þeim reglur um niðurgreiðslur, en það eru þó lægri hlutföll en voru í könnuninni árið 2016 en þá gerðu 97% dagforeldra skriflegan dvalarsamning við foreldra og 94% kynntu fyrir þeim reglur um niðurgreiðslur. Flestir dagforeldrar eru með foreldraviðtöl áður en vistun hefst en fáir eru með formlega foreldrafundi fyrir foreldrahópinn.



Mynd 1. Hvað af eftirfarandi á við um þína daggæslu?

Í ár var spurt hvort rýmingaráætlun, áætlun um brunavarnir, hreinlætis/þrifaáætlun og sýnileg gjaldskrá væru til staðar hjá dagforeldrum. Niðurstöðurnar eru á mynd 2 og þar sést um 82% eru með áætlun um að yfirfara brunavarnir og 74% eru með rýmingaráætlun. Um þriðjungur er með sýnilega gjaldskrá.



Mynd 2. Hvað af eftirfarandi á við um þína daggæslu (áætlanir og gjaldskrá)?


Hjá helmingi dagforelda kemur foreldri með barn sitt einu sinni í heimsókn að meðaltali, áður en aðlögun hefst. Hjá um 28% kemur barn tvisvar í heimsókn áður en aðlögun hefst og hjá 22% dagforeldra þrisvar sinnum eða oftar. Hjá langsamlega flestum dagforeldrum, eða 83%, er áætlaður tími í aðlögun 4-7 dagar. Hjá um 14% dagforeldra er áætlaður tími 1- 3 dagar en hjá 2% þeirra er aðlögunartíminn meira en 7 dagar.

Rúmlega helmingur þeirra dagforeldra sem svöruðu fer, að jafnaði, daglega út með börnin eins og tafla 4 sýnir. Nánast öll börn hjá dagforeldrum fá einhverja útiveru í hverri viku.

**Tafla 4. Hversu oft að jafnaði fara börnin í útiveru á viku?**

Tíðni útiveru	Hlutfall
Aldrei	2%
1-2 sinnum í viku	11%
3-4 sinnum í viku	26%
Daglega	54%
Oftar	7%

Langalgengasta tegund upplýsingaflæðis frá dagforeldri til foreldra er í gegnum munnleg samskipti líkt og mynd 3 sýnir. Hlutfall dagforeldra sem notar SMS skilaboð til að koma upplýsingum til foreldra hefur margfaldast á milli kannanna. Árið 2016 var hlutfallið 6% en er nú 68%. Þeim hefur hins vegar fækkað sem nota upplýsingatöflu til upplýsingamiðlunar, hlutfallið var 51% árið 2016 en er nú 36%. Facebook er töluvert notað af dagforeldrum til að koma upplýsingum til foreldra.



**Mynd 3. Hvernig fer upplýsingagjöf til foreldra fram?<sup>2</sup>**


Annað sem dagforeldrar nefna til að koma upplýsingum til foreldra er t.d. samskiptabók, mappa, tölvupóstur, lokaður Facebook - hópur eða að þeir hringi til foreldra.

<sup>2</sup> Merkja mátti við allt sem við átti og því er samanlagt hlutfall herra en 100%.

## Eftirlit og ráðgjöf


Eftirlitsaðili með daggæslu á að koma þrisvar sinnum á ári í ótilkynntar heimsóknir. Stærsti hluti dagforeldra eða 73% finnst fjöldi eftirlitsheimsóknna hæfilega mikill.

Dagforeldrar eru flestir eða 79% ánægðir með eftirlit með starfssemi þeirra eins og mynd 4 sýnir. Hlutfall þeirra sem eru ánægðir hefur þó lækkað á tveimur árum um 8 prósentustig en er nú svipað því sem það var fyrir fjórum árum.



Mynd 4. Ég er ánægð(ur) með eftirlitið með daggæslunni.

Dagforeldrum finnst langflestum að eftirlitið taki á þeim þáttum sem eru mikilvægir og langflestir eru ánægðir með að fá niðurstöður eftirlits sendar með tölvupósti eins og mynd 5 sýnir.




Mynd 5. Hversu sammála eða ósammála ertu fullyrðingum um eftirlit?

Daggæsluráðgjafar á vegum þjónustumiðstöðva eiga að heimsækja hverja daggæslu að minnsta kosti einu sinni á ári og voru dagforeldrar spurðir út í stuðning ráðgjafanna við daggæsluna. Flestir svarenda eða 62% fengu eina heimsókn daggæsluráðgjafa á seinustu 12 mánuðum en 81% fékk eina eða fleiri

heimsóknir. Um 19% dagforeldra sögðust ekki hafa fengið heimsókn frá daggæsluráðgjafa undanfarna 12 mánuði. Tæplega fjórðungur dagforeldra hefði viljað fá fleiri heimsóknir daggæsluráðgjafa og voru svarendur sem ekki höfðu fengið neina heimsókn á seinustu 12 mánuðum, stór hluti þess hóps.


Á mynd 6 sést að langflestir dagforeldrar eða 93% eru ánægðir með samskiptin við daggæsluráðgjafann og er hlutfallið hækkun úr 87% árið 2016. Litlu færri eru ánægðir með seinustu heimsón daggæsluráðgjafa. Um 71% eru sammála því að þeir fái nægan faglegan stuðning og ráðgjöf við starfið.



Mynd 6. Hversu sammála eða ósammála ertu fullyrðingum varðandi ráðgjöf til dagforeldra?

## Samvinna


Um 47% dagforeldra eru í *mjög* eða *frekar mikilli* samvinnu við aðra dagforeldra samkvæmt könnuninni eins og mynd 7 sýnir, í samanburði við 73% árið 2016<sup>3</sup>. Tæpur þriðjungur er í *mikilli* samvinnu við þjónustumiðstöð en mjög fáir eru í *mikilli* samvinnu við leikskólana en hefur það hlutfall lækkað frá árinu 2016.



Mynd 7. Með hvaða aðilum ertu í markvissri samvinnu við og að hve miklu leyti?


<sup>3</sup> Á undanförunum tveimur árum hefur það færst í aukana að dagforeldrar vinni tveir og tveir saman. Það kann að hafa þau áhrif að samstarf við dagforeldra í annarri daggæslu hefur minnkað.

Dagforeldrarnir voru þá spurðir út í hversu *mikilvæga* eða *léttvæga* þeir teldu samvinnu við sömu aðila. Þjónustumiðstöð er sá aðili sem flestum dagforeldrum finnst *mikilvæg* eins og sjá má á mynd 10. Séu myndir 9 og 10 bornar saman sést að heilt yfir telja mun fleiri dagforeldrar að samvinna við þessa aðila sé *mikilvæg* heldur en umfang samvinnunnar raunverulega er.



Mynd 10. Mikilvægi samvinnu

Eins og áður kom fram þá eiga dagforeldrar að jafnaði í mestri samvinnu við aðra dagforeldra og voru þeir í könnuninni spurðir nánar út í þá samvinnu. Á mynd 11 sést að í flestum tilvikum felst samvinnan í því að dagforeldrar eru að veita hverjir öðrum *ráðgjöf og stuðning varðandi börnin og/eða að hittast með börnin*. Töluvert er einnig um að dagforeldrar veiti hverjir öðrum *ráðgjöf/stuðning varðandi foreldra og sækja námskeið/fræðslu saman*.



Mynd 11. Í hverju felst samvinnan við aðra daggæslu?




Í opinni spurningu sögðu dagforeldrar frá því hvers konar samvinnu þeir myndu vilja við áðurnefnda aðila. Nokkuð var talað um samstarf við leikskólana, um aðgang að útisvæði leikskólanna og aðgengi að upplýsingum þeirra um biðlista og hvenær börn yrðu tekin inn í leikskólana. Þá nefna sumir dagforeldrar að þeir vilji gjarnan meira samvinnu við aðra dagforeldra t.d. með hittingum með og/eða án barna.

Um 45% dagforeldra finnst *mjög* eða *frekar mikilvægt* að Reykjavíkurborg leiti leiða að fjölda dagforeldrum sem starfa tveir og tveir saman fremur en einir. Um 28% merkja við *hvorki né* og álíka stórt hlutfall finnst slíkt *lítilvægt*.


## Námskeið

Námskeiðsdagur dagforeldra er haldinn einu sinni á ári og var hann síðast 16. mars 2018. Dagforeldrar voru spurðir um þátttöku sína á deginum og á mynd 12 má sjá að mjög svipað hlutfall dagforeldra mætti á námskeiðsdaginn nú og seinustu ár. Tæpur fjórðungur tók ekki þátt í deginum. Helsta ástæða dagforeldra eru veikindi.



Mynd 12. Tókst þú þátt í síðasta námskeiðsdegi dagforeldra?


Almennt voru dagforeldrar *mjög* eða *frekar ánægðir* með námskeiðsdaginn nú líkt og áður líkt og mynd 13 sýnir.



Mynd 13. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með námskeiðsdaginn?

## Ánægja með upplýsingagjöf frá Reykjavíkurborg

Tæpur þriðjungur dagforeldra er *mjög* eða *frekar ánægður* með upplýsingagjöf frá Reykjavíkurborg vegna starfs þeirra sem dagforeldris. Fleiri eða rúmur þriðjungur er *frekar* eða *mjög óánægður* með upplýsingagjöfina.



**Mynd 14. Ánægja eða óánægja með upplýsingagjöf Reykjavíkurborgar til dagforeldra.**

Að lokum var dagforeldrum gefinn kostur á að koma einhverju á framfæri varðandi starf sitt sem dagforeldri. Helst nefna dagforeldrar að þeir vilja hærri niðurgreiðslur frá borginni með börnunum. Þá vilja þeir sjá að meiri virðing sé borin fyrir starfi þeirra af embættismönnum Reykjavíkurborgar og af borgarfulltrúum. Finnst þeim mörgum að stjórnámálamenn tali niður til dagforeldra líkt og vistun barna hjá dagforeldri sé síðri kostur en vistun í leikskóla.

Dagforeldrum finnst að taka þurfi meira tillit til þeirra við innritun barna í leikskóla enda fáir þeir iðulega seint upplýsingar um hvenær börn komast að á leikskólum. Þessi óvissa geri það að verkum að margir dagforeldrar séu að hætta störfum. Einhverjir nefna að ákjósanlegt væri ef borgin útvegi húsnæði fyrir dagforeldra sem vilja starfa tveir saman.